19. nóvember 2026

Tilkynning frá Aðföngum vegna Euro Shopper Hveitis

Með hliðsjón af öryggi og velferð neytenda hafa Aðföng, að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, ákveðið að innkalla **Euro Shopper Hveiti**. Innköllunin varðar eingöngu best fyrir dagsetninguna 15-09-2026 og er tilkomin vegna hættu á að mykótoxín sé yfir viðmiðunarmörkum í hveitinu.

Upplýsingar um vöruna:
Vörumerki: *Euro Shopper*
Vöruheiti: *Hveiti*
Nettómagn: *2 kg*
Umbúðir: *Pappír*
Strikamerki: *8719323800915*
Best fyrir dagsetning: *15-09-2026*
Geymsluskilyrði: *Þurrvara*
Framleiðandi: *Valsemøllen A/S í Køge Danmörku*
Dreifing: *Allar verslanir Bónus og Hagkaups, Stórkaup og verslanir Olís Neskaupsstað, Varmahlíð, Gullinbrú og Norðlingaholti.*

Hveitið var í dreifingu út frá vöruhúsi Aðfanga í nóvember og desember 2025 og fáanlegt í tilgreindum verslunum á því tímabili og fyrstu vikur ársins 2026. Afhending á hveitinu til viðskiptavina Stórkaups er þó bundin við nóvember og desember 2025.

Aðföng, f.h. Valsemøllen A/S, biður viðskiptavini verslananna innilegrar afsökunar og ráðleggur þeim að henda hveitinu til öryggis ef eitthvað er enn til af því.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Aðfanga í síma 530-5600 eða í gegnum netfangið gm[at]adfong.is

